

The background features a stylized tree with black branches and green leaves. Several birds are depicted: a yellow and white bird with a pink circular object on its head, a pink bird in flight, a blue and white bird perched on a branch, and a green bird wearing a white cap and riding a yellow skateboard. A pink birdhouse is situated in the upper right corner.

29. apríl–4. maí
Barnamenningarhátíð
í Reykjavík 2014

• VATNSMÝRARHÁTÍÐ •

• LEIKLISTARHÁTÍÐ •

• ÆVINTÝRAHÖLL •

• TÓNLIST •

• DANS •

• SJÓNLISTIR •

• BARNAMENNINGARHATID.IS •



Kæru krakkar!

Nú stýttist í Barnamenningarhátíð sem haldin verður í Reykjavík dagana 29. apríl til 4. maí. Það sem mér finnst skemmtilegast við Barnamenningarhátíð er að á henni eru listamennirnir flestir börn. Börn eru nefnilega oftast skemmtilegri en fullorðið fólk því þau eru ný, frumleg og full af gleði og skrítnum hugmyndum.

Reykjavík er höfuðborg allra barna á Íslandi og öll börn velkomin á hátíðina. Það eru allskonar viðburðir í boði á íslensku en líka á öðrum tungumálum eins og pólsku, litháísku og frönsku. Hátíðin er í samstarfi við List án landamæra og verk barna með marga mismunandi hæfileika fá að njóta sín. Ég hvet alla krakka til að taka þátt í Barnamenningarhátíð og nota þetta frábæra tækifæri til að prófa eitthvað alveg nýtt, eins og búa til hljóðfæri, læra loftfímleika eða leika trúð. Hver veit nema þið uppgötvið leynda listhæfileika sem eiga eftir að blómstra í framtíðinni.

Góða skemmtun!

Jón Gnarr
borgarstjóri í Reykjavík

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

í Reykjavík 2014

Barnamenningarhátíð í Reykjavík er nú haldin í fjórða sinn dagana 29. apríl–4. maí 2014. Markmið hátíðarinnar er að efla menningarstarf fyrir börn og ungmenni í borginni. Barnamenningarhátíð er vettvangur þar sem þátttaka barna og ungmenna er lykilatriði og lögð er áhersla á menningu fyrir börn, menningu með börnum og menningu barna. Hátíðin fer fram víðsvegar um Reykjavík. Gæði, fjölbreytni, jafnræði og gott aðgengi eru okkar leiðarljós við skipulagningu hátíðarinnar sem rúmar allar listgreinar og er byggð upp á fjölbreyttum viðburðum sem börn og fullorðnir í fylgd með börnum, geta sótt sér að kostnaðarlausu.

Það er von okkar að sem flestir finni eitthvað í dagskránni sem vekur forvitni þeirra og gleði. Góða skemmtun!

The Children's Culture Festival is an annual celebration of children's cultural activities in Reykjavik. This year marks the festival's third year running and will take place from April 29 to May 4, 2014. The main purpose of the festival is to encourage and promote cultural activities for children and young adults, with the key emphasis being on their participation in both creating cultural events, and taking part in them. The festival takes place far and wide across the city of Reykjavik and is organized with a commitment to quality, diversity and equality. Inclusive of all artistic genres, there will be a varied program of fantastic events on offer for children and adults (in the company of children of course) to enjoy!

It is our hope that everyone will find something to engage their senses and awaken their inner curiosity! We're really excited about this year's program and hope to see you there!

Dziecięcy Festiwal Kulturalny w Reykjavíku odbędzie się po raz czwarty w dniach 29 kwietnia – 4 maja 2014.

Celem festiwalu jest wzbogacenie oferty kulturalnej skierowanej do dzieci i młodzieży w mieście. W festiwalu kluczową rolę odgrywają dzieci i młodzież, a duży nacisk kładziony jest na kulturę dla dzieci, kulturę z udziałem dzieci oraz kulturę dzieci.

Festiwal odbywa się w różnych miejscach Reykjavíku, a jego organizacji przyświecają założenia takie jak wysoka jakość, różnorodność oraz powszechny dostęp. Na festiwalu jest miejsce dla wszystkich form przekazu artystycznego, a w programie znajdują różnorodne wydarzenia, w których nieodpłatny udział mogą wziąć zarówno dorośli jak i dzieci.

Mamy nadzieję, że większość osób znajdzie w programie coś interesującego i zabawnego. Życzymy miłej zabawy!



ÆVINTÝRAHÖLLIN

Miðstöð barnamenningar

Í lðnó verður starfrækt barnamenningarhús undir nafninu Ævintýrahöllin. Þar fá börn og unglingar að nýta skapandi hæfileika sína í skemmtilegu umhverfi. Í Ævintýrahöllinni verður fjölbreytt dagskrá fyrir börn og vel tekið á móti fjölskyldum og hópum. Helstu stórvíðburðir verða barnaball með Valdimar Guðmundssyni og vinum, balkanskir tónleikar, danssýning með egypsku þema og kammertónleikar. Í smiðjum verður svo hægt að læra að öðlast ofurhetjukrafta, rappa, dansa afró-brasilískan bardagadans, búa til hljóðfæri, leika að orðum í ritlistasmiðju, vinna með grímur, leika trúð, syngja söngleikjalög, gera límlistaverk og læra að hanga í háloftunum. Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Ævintýrahöllinni.





SKAPALÓNIÐ: LIFANDI RITSMIÐJA

Örsögur, skemmtisögur og útúrsnúningar

Sköpunarskólinn og Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO bjóða 8. bekkingum í fjöruga örsögusmiðju með Davíð Stefánssyni ljóðskáldi og bókmenntafræðingi. Smiðjan fer fram bæði í skólum borgarinnar og í Ævintýrahöll – Barnamenningarhúsi, þema hennar er húmor og leikur með tungumálið en unnið verður með stutta texta út frá þessu viðfangsefni. Davíð mun síðan vinna áfram með nemendum ásamt kennurum þeirra og verða sögurnar í brennidepli á Lestrarhátíð í Bókmenntaborg í október.

BÖRN OG FJÖLMIÐLAR

Ungir blaðamenn

Við leggjum áherslu á þátttöku barna og ungmenna í samfélagsumræðunni og höfum nú skapað vettvang fyrir þau í fjölmiðlum. Áhugasamir ungir blaðamenn úr 8.–10. bekk hafa í tengslum við Barnamenningarhátíð fengið sérstaka þjálfun hjá fagfólki í fjölmiðlum í að móta hugsanir sínar og koma þeim á framfæri í máli og mynd. Lesið pistla þeirra á vefsíðu hátíðarinnar og víðar.





LITRÓF

Öll myndum við eina heild úr sama ljósi

Litróf er listaverk á skólalóð Fellaskóla þar sem hver og einn nemandi og starfsmaður skólans hefur málað einn staf í „sínun lit“. Hver stafur er táknaðinn geisli í litrófi okkar, mismunandi bylgjulengd af sama ljósi. Hver stafur stendur vörð um skólann og sterkir standa þeir saman. Verkið gerir tilraun til að tengja saman list og vísindi sem er grundvöllur í skólastarfi og tilveru okkar.

DRULLUMALL

Tónleikaröð unglinga

Komdu á Drullumall, glæsilega tónleikaröð með ungum og uppnennandi hljómsveitum auk reyndari listamanna. Í hverjum mánuði halda unglingar í félagsmiðstöðvum Kamps tónleika með það að markmiði að hvetja unglinga til að kynna sér ólíkar tegundir tónlistar, prufa sig áfram í tónlistarsköpun og skapa vettvang þar sem unglingar geta lært af reyndu tónlistarfólki í öruggu umhverfi félagsmiðstöðvarinnar. Í tilefni af Barnamenningarhátíð koma fram Friðrik Dór og Úlfur Úlfur ásamt fleirum.





ÉG VEIT EINA STJÖRNU

Börn á öllum aldri syngja lög Jóns Ásgeirssonar

Það verður ævintýri líkast þegar 500 reykvísk leikskólabörn sameinast í einn kór og syngja löginn hans Jóns Ásgeirssonar. Söngurinn verður fluttur við undirleik atvinnutónlistarmanna en einnig koma fram forskólanemendur Tónskóla Sigursveins og Hamrahlíðarkórinn. Þetta er í fjórða sinn sem sem Tónskóli Sigursveins efnir til samstarfs við leikskóla í Reykjavík um þátttöku í Barnamenningarhátíð og heiðrar ástsælt tónskáld með þessum hætti.

FJÖLSKYLDUDAGSKRÁ SJÓMINJASAFNSINS

Leiðsagnir, smíðjur og sýningar

Á Sjóminjasafninu ríkir gleðin ein en þar verður að finna skemmtilega dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Boðið verður upp á forvitnilegar fjölskylduleiðsagnir út í varðskipið Óðin, báta- og föndursmíðjur. Í sýningarsal safnsins verður einnig samsýning leikskólans Geislabaug, félagsmíðstöðvarinnar Óskju, Dalskóla, Foldaskóla og Langholtsskóla og þar má finna myndlist, vídeóverk, skúlptúra og ljósmyndir barna og unglinga.





#14ARALIFID

Instagramkeppni

Hvernig er líf unglinga í raun og veru? #14aralífid er skemmtileg ljósmyndakeppni á vegum félagsmiðstöðvanna í Reykjavík fyrir unglinga sem voru, eru, eða verða 14 ára á árinu 2014. Keppnin fór fram á netinu í gegnum smáforritið Instagram, kl. 14:14 þann 14/4 2014 þegar unglingar ljósmynduðu augnablik í sínu daglega lífi. Myndirnar voru allar birtar á Instagram og „taggaðar“ #14aralífid. Valdar myndir verða nú sýndar í Ráðhúsinu á Barnamenningarhátíð og verðlaun veitt fyrir skemmtilegustu myndina.

SALTFISKREITIR LIFNA VIÐ

Oft er í holti heyrandi nær

Á saltfiskreitunum mætast fortíð og nútíð. Þar sem áður var þurrkaður saltfiskur leikum við okkur með steinleir. Hægt verður að njóta aðferðafræði leikskólastarfs sem byggist á því að vera úti, upplifa, nota öll skilningarvit, horfa, hlusta, þefa og snerta. Þannig má sjá mynstur, form, liti og heyra nið, hvin, þyt, söng og tíst. Sjálfstætt leikverk verður til þar sem þátttakendur lifa sig inn í leikinn. Leiksviðið er náttúran – saltfiskreitir – og aðalleikarar eru sól, loft, vatn og jörð.





SVIÐSLISTAHÁTÍÐ ASSITEJ

Dans og leiklist fyrir alla fjölskylduna!

Í ár er dans í brennidepli á sviðslistahátíð ASSITEJ. Boðið er upp á úrval leik- og dansssýninga og smíðjur. Í hollensku dans- og parkoursýningunni Murikamification, verður hversdagslegu borgarlandslagi breytt í sviðsmynd með hreint ótrúlegum hreyfingum dansaranna. Fetta og Bretta púsla saman umhverfi sínu með allra yngstu áhorfendunum. Óraunveruleikir standa undir nafni með samspili hreyfingar, ljóss og tónlistar. Óður og Flexa reyna að fljúga og leita að ofurhetjunni sem býr í okkur öllum. Litli prinsinn veltir upp spurningum um vináttuna og tilveruna í Þjóðleikhúsinu. Þá má nefna Unglinginn frá Gaflaraleikhúsinu. Aðstandendur Dansaðu við mig leiða fjölskyldudanssmíðju og einnig verður boðið upp á trúðasmiðju, grímuleiksmíðju, og söngleikjasmíðju í samstarfi við Listaháskóla Íslands.





OPNUNARHÁTÍÐ Í ELDBORG Í HÖRPU

Dans, áhættuatriði og hressilegir tónleikar

Í tilefni af Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2014 er öllum 1400 nemendum fjórðu bekkja í borginni boðið að taka þátt í opnunarathöfn hátíðarinnar í Hörpu. Slagverkshópur Sinfóníuhljómsveitar Íslands mun opna hátíðina með taktföstum trommuslætti. Frumflutt verður fjórugt popplag sem samið var sérstaklega fyrir tilefnið, öll börnin í salnum flytja lagið en þeim til aðstoðar í söngnum verða Dr. Gunni, Friðrik Dór og Magga Stína. Ofurhetjurnar Óður og Flexa munu kenna viðstöddum að fljúga með dansi, ekki þarf að hafa áhyggjur af að þau slasi sig, því að þema opnunarinnar er öryggi og mikilvægi þess að nýta sér neyðarnúmerið 112. Í lokin munu Dr. Gunni og félagar bjóða upp á hressilega tónleika. Viðburðinum verður stjórnað af leikaranum Orra Hugin og tónlistarkonunni Þórdísi Heiðu sem munu halda uppi stemningunni með klappi, stappi og gleði. Við lofum skemmtilegri og óvæntri upplifun!

EINN EINN TVEIR

Neyðarnúmerið
sem notast allir við
það er aðeins eitt,
ekki hika neitt,
ekkert bis og baks
bara hringja strax.

Ef einhver um það spyr
þá eru stafirnir:
EINN - EINN - TVEIR
aðeins þeir
EINN - EINN - TVEIR
ekkert meir.

Neyðarnúmerið
sem notast allir við
– ekki einungis
við eldsvoða og slys –
er líka vernd og vörn
sem virkar fyrir börn.

Ef einhver um það spyr
þá eru stafirnir:
EINN - EINN - TVEIR
einmitt þeir
EINN - EINN - TVEIR
ekkert meir.

Þórarinn Eldjárn

MAXÍMÚS KÆTIST Í KÓR Í Eldborgarsal Hörpu

Sinfóníuhljómsveit Íslands tekur þátt í opnunardegi Barnamenningarhátíðar í fyrsta sinn og býður leik- og grunnskólabörnum á nýtt tónlistarævintýri um tónelsku músina.





VATNSMÝRARHÁTÍÐ

Tileinkuð náttúru landsins, börnum og vísindum

Barnamenningarhátíð kveður í Vatnsmýrinni sunnudaginn 4. maí á Vatnsmýrarhátíð 2014 í Norræna Húsinu. Hátíðin er helguð vísindum og leik, umhverfi og náttúru, börnum landsins og barnamenningu. Þar verða í boði fjölbreyttir fjölskylduviðburðir eins og fuglaskoðun, útileikir, vísindasmiðja, tónlistaratriði, skottmarkaður, sögustund, sápukúlur, krítar og margt fleira. Sérstakir viðburðir tengdir einstöku friðlandi Vatnsmýrarinnar verða einnig á dagskrá en þar geta börn notið villtrar náttúru og fuglalífs í miðri borginni. Þjóðminjasafnið og Háskóli Íslands taka nú einnig þátt í Vatnsmýrarhátíð með forvitnilegum viðburðum og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Vatnsmýrarhátíðin fer að mestu leyti fram utandyra og eru gestir hvattir til klæðast eftir veðri til að njóta dagsins sem best.





MENNINGARFÁNI
REYKJAVÍKURBORGAR

MENNINGARFÁNINN

Veittur fyrir framúrskarandi menningarstarf

Menningarfáni Reykjavíkurborgar er verkefni sem miðar að því að efla menningarstarf í leikskólum, grunnskólum og á frístundaheimilum. Hann er viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarstarf og var í fyrsta sinn veittur á Barnamenningarhátíð 2012.

Markmið fánans eru fjölbreytt; að styðja við og hlúa að listkennslu og skapandi verkefnum í samstarfi við listamenn, lista- og menningarstofnanir í borginni. Einnig að stuðla að auknum tengslum milli leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva. Náin samvinna getur leitt af sér nýstárleg verkefni þar sem möguleikar skapast með nýrri sýn á viðfangsefnin. Aukið vægi listkennslu og skapandi starfs snýr ekki bara að börnum og ungmennum í dag, heldur einnig því samfélagi sem þau koma til með að móta þegar þau fullorðnast.

www.menningarfani.is





UPPTAKTURINN

Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna slá taktinn á ný


Með Upptaktinum er ungu fólk í borginni gefið tækifæri til að senda inn drög að tónsmíð og vinna markvisst úr hugmyndum sínum í vinnustofu með aðstoð tónskálda og fagfólks í tónlist. Á síðustu vikum hafa ný tónverk orðið til. Þau eru eins ólík og þau eru mörg, sum klassísk, önnur tölvugerð og allt þar á milli. Tónverkin verð flutt á metnaðarfullri og glæsilegri tónleikadagskrá í Kaldalóni í Hörpu af atvinnutónlistarfólki. Öll verkin sem valin voru úr innsendum tillögum hljóta tónsköpunarverðlaunin Upptakturinn 2014.

.....

GALLERÍ UNGLAMB

Listamenn framtíðarinnar láta ljós sitt skína

Gallerí UngLamb er árlegur viðburður í Tónabæ sem haldinn er nú í þriðja sinn. Ungu fólk gefst tækifæri til þess að sýna verk sín, koma sjálfu sér á framfæri og stíga sín fyrstu skref í heimi lista. Öllum unglingum í félagsmiðstöðvum Kringlumýrar er velkomið að taka þátt og nú verða hátt í 30 listamenn með verk sín til sýnis og er hér slegið met í þátttöku. Um er að ræða sýningu sem enginn ætti að láta framhjá sér fara, því þarna verða listamenn framtíðarinnar til.





KYNLEGIR KVISTIR

Skapandi smíðavinnustofa

Hefurðu einhvern tímann haldið á steini eða trébút og séð í honum alls kyns verur eða andlit? Í húsakynnum Myndhöggvarafélagsins verður farið í skapandi ferðalag um heim sjónlista þar sem form, litir, áferð, ljós og skuggi verða nýtt í persónulegri tjáningu. Þar munu myndhöggvararnir Karlotta Blöndal og Jóna Hlíf Halldórsdóttir bjóða krökkum að smíða og mála þrívíddaskúlpúta úr afgangsefniviði frá Myndhöggvarafélaginu. Allir krakkar fá að taka sitt verk með heim.

VIÐ SKEMMTUM OKKUR SAMAN

Menningarveisla barnanna

Á Kjarvalsstöðum verður að finna sýninguna *Við skemmtum okkur saman* sem er menningarveisla 5–9 ára barna á leikskólanum Miðborg, frístundaheimilinu Draumalandi og í Austurbæjarskóla. Börnin héldu átta menningarveislur sem eiga uppruna sinn í mismunandi menningarheimum víðs vegar að. Hóparnir buðu hver öðrum til veislu með þemu eins og indíánahátíð, sænsk veisla, holi veisla og risaeðluhátíð og á þessari sýningu má sjá ljósmyndir úr veislunum og annan afkrastur þeirra.





ÖRLEIFUR OG HVALURINN/ PAN MALUŚKIEWICZ I WIELORYB

Tvítýngd sýning um smáan ferðagarp

Örleifur og hvalurinn er skemmtilegt og ævintýraríkt söguljóð fyrir börn eftir pólska skáldið Julian Tuwim sem segir frá ferðalagi agnarlítils manns í leit að heljarstórum hval. Þessi frækni ferðalangur smíðar bát úr hálfri hnetu og siglir út á haf. Sagan um ævintýri Örleifs verður sögð á íslensku og pólsku af þeim Þórarni Eldjárn skáldi og leikaranum Krystian Munia.

Dwujęzyczny (polsko-Islandzki) krótki spektakl o Maluśkiewiczu, który miał wielkie marzenie... zobaczyć wieloryba!

DANSHÁTÍÐ Í ELDBORG

Fjölbreytt dagskrá í boði listdansskólanna

Í tilefni af Alþjóðlega dansdeginum 29. apríl sameina listdansskólar höfuðborgarsvæðisins krafta sína og bjóða upp á allsherjar dansveislu í Eldborg. Boðið verður upp á metnaðarfulla dagskrá þar sem ólíkir dansstílar og dansarar, jafnt byrjendur sem lengra komnir, fá að njóta sín. Trúðar og Charlie Chaplinar, blómagarðar og svanapollur er aðeins brot af því augnakonfekti sem boðið verður upp á. Fögnum saman í tilefni dagsins og njótum þess að horfa á dansara framtíðarinnar fara á kostum.





ÆVINTÝRI OG VÍSINDABRELLUR

Við hverju leitar þú svara?

Hefur þig alltaf langað í slímfótabað eða að vita hvað þú átt að gera ef þú lendir á eyðieyju? Prófa ryksugu hanska eða lenda í sápukúluævintýri? Það verður spennandi upplifun að kíkja í Toppstöðina, frumkvöðlasetur í gömlu varaafstöðinni við Rafstöðvarveg í Elliðarárdal, fá svör við allskonar spurningum og safna í reynslubankann. Íslenskt hugvit verður í hávegum haft þegar alvöru- og ímyndaðir vísindamenn birtast gestum. Meðal þeirra er Ævar vísindamaður sem mun lesa upp úr ferðabókinni sinni Umhverfis Ísland í 30 tilraunum og opna splunkunýja heimasíðu.

BORGARMÁL

Rannsókn barna á viðhorfi til móðurmáls

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um réttindi barna til móðurmáls síns. Tvítýngd börn með erlendan bakgrunn eru í dag um 10% barna í skólum landsins. Á Barnamenningarhátíð munu börnin taka viðtöl við vegfarendur í miðborginni en spurt verður um viðhorf þeirra til tungumála og móðurmálskennslu. Kannað verður hvort almenningur sé meðvitaður um mikilvægi móðurmálskennslu fyrir árangur tvítýngdra barna í íslenskum skólum. Úr viðtölunum verður gert myndband sem birt verður á vef Barnamenningarhátíðar og víðar.





REYKJAVÍK GOT TALENT

Hæfileikakeppni unglunga

Reykjavík Got Talent er stærri útgáfan af Breiðholt Got Talent sem haldin hefur verið fyrir 8.-10. bekk í Breiðholti undanfarinn 5 ár. Þar hefur keppnin blómstrað og vægast sagt slegið í gegn. Í tilefni Barnamenningarhátíðar verður skrefið tekið lengra og boðið upp á þessa frábæru hæfileikakeppni fyrir alla unglunga í Reykjavík. Þar taka starfsmenn og unglingar höndum saman við undirbúning og skipta með sér hlutverkum á keppninni sjálfri. Félagsmiðstöðvar um alla Reykjavík hafa þegar haldið sínar undankeppnir og 2. maí mætast bestu atriðin í Ráðhúsinu.

HNÉSOKKAR OG LAKKRÍSRÖR

Barnaball með Valdimar Guðmundssyni og vinum

Barnaballið í Ævintýrahöllinni í Lónó er skemmtilegt tækifæri fyrir öll börn og fjölskyldur þeirra til að koma saman og dansa, gleðjast, hoppa og tjútta. Þeir miklu gleðigjafar Valdimar Guðmundsson og vinir halda uppi fjöri og flytja eigin tónlist, barnalög og barnvæn lög frá ýmsum tímabilum Íslenskrar dægurlagasögu sem flestir ættu að kannast við. Komið saman og dansið í fallega húsinu við Tjörnina.





LJÓÐALEST, MYNDASÖGUSÝNINGAR, LÁTBRAGÐ OG BARNAÓPERA

Bókasöfnin í borginni

Það ríkir ekki þögnin ein á bókasöfnum borgarinnar! Í aðalsafni Borgarbókasafnsins verður sýning á norrænum myndasögum og myndasögusmiðja. Laura Roure sýnir látbragðsleik og lithálski sunnudagaskólinn syngur og segir sögur. Í Foldasafni verður sýning í tengslum við óperuna Barnaóperuferðalagið sem samin var af börnum á frístundaheimilum í Vogaskóla og Foldaskóla. Barnabókmenntaganga verður farin um Heima- og Vogahverfi frá Sólheimasafni þar sem skyggst verður í barnabókmenntir tengdar hverfinu og í Ársafni verður sýning á ljóðum sem leikskólabörn í Árbæjarhverfi hafa samið.

PERLUTÓNLEIKAR TÓNAGULLS

Fyrir 0-3 ára

Tónagull heldur Perlutónleika á léttum nótum í Hannesarholti þar sem sungnar verða þekktar perlur og barnagælur. Tónleikagestum býðst að vera með í söngnum og taka þátt í flutningi með klappi og smáhljóðfærum. Lóunni verður fagnað, riðið heim til Hóla og fé rekið úr móunum svo eitthvað sé nefnt. Tónlistarkennarar Tónagulls stýra tónleikunum og fá til liðs við sig Berglindi Mariu Tómasdóttur flautuleikara. Tónleikarnir taka mið af úthaldi mjög ungna barna.





LIFANDI BORG Í LEIK OG NÁMI

Skóla- og frístundastarf í Reykjavík

Hvað eru börn og unglingar að fást við í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi í borginni? Hvernig fara leikur og nám saman í daglegu starfi þeirra? Hvaða stefna og hugmyndafræði er ríkjandi í skóla- og frístundastarfinu? Svör við þessum spurningum og mörgum öðrum fást á sýningu sem sett verður upp í Tjarnarsal Ráðhússins. Þar verða sýnd í máli og myndum fjölbreytileg og metnaðarfull þróunarverkefni sem unnið er að í skólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar. Að auki munu börn og ungmenni standa fyrir skemmtiatriðum sem endurspegla skapandi menntun; tónlist, upplestur, leik og gleði. Sýningargestum gefst tækifæri til þess að leika sér og prófa ýmislegt sem gert er í fagstarfinu. Síðdegis verða málstofur með erindum og umræðum barna og fullorðinna út frá þeim 6 grunnþáttum menntunar sem settir eru fram í aðalnámskrá.





Öll dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðburðir Barnamenningarhátíðar eru skapaðir og framkvæmdir af börnum og öðru hugmyndaríku fólki í Reykjavík. Fjöldmargir hafa stutt hátíðina með ýmsum hætti og þökkum við öllum sem komu að hátíðinni.

Stjórn Barnamenningarhátíðar:

Signý Pálsdóttir formaður, Agnar Jón Egilsson, Atli Steinn Árnason, Einar Þór Bárðarson, Ketill Berg Magnússon, Kristín Hildur Ólafsdóttir og Sigfríður Björnsdóttir.

Verkefnastjórar:

Guðmundur B. Halldórsson, Harpa Rut Hilmarsdóttir, Karen M. Jónsdóttir og Þórey Björk Halldórsdóttir.

Barnamenningarhátíð í Reykjavík:

Höfuðborgarstofu, Aðalstræti 2, s: 590 1500, barnamenningarhatid@reykjavik.is.

www.barnamenningarhatid.is

www.facebook.com/barnamenningarhatid.i.reykjavik

#barnamenning #bmhatid



Reykjavíkurborg